



STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS



MILLI AÐALFUNDA
Á HELLU 2018
OG Í KÓPAVOGI 2019



Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands

Haldinn í Fagralundi í Fossvogsdal, neðan Furugrundar

30. ágúst - 1. september 2019

Föstudagur 30. ágúst

09:30 **Afhending fundargagna**

10:00 **Fundarsetning og ávörp**

Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands

Kristinn H. Þorsteinsson, formaður Skógræktarfélags Kópavogs

Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi

10:45 **Skýrsla stjórnar Skógræktarfélags Íslands**

Jónatan Garðarsson og Brynjólfur Jónsson

Reikningar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson

Skýrsla Landgræðslusjóðs

Þuríður Yngvadóttir

Fyrirspurnir um skýrslu stjórnar

11:30 **Skipað í nefndir. Tillögur lagðar fram og kynntar**

11:45 **Fræðsluerindi**

11:45-12:15 Kópavogur með grænum augum

Friðrik Baldursson

12:15-12:45 Loftslagsskógar

Reynir Kristinsson

12:45-12:55 Kynning á ferð dagsins

Kristinn H. Þorsteinsson

13:00 **Hádegisverður**

13:40 **Skoðunarferð - Skóglendi Kópavogs**

18:00 **Guðmundarlundur í Kópavogi**

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, vígir fræðslusetur í eigu Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpar samkomuna

Veitingar að lokinni dagskrá

21:00 **Áætlaður lokatími viðburðar í Guðmundarlundi**

Laugardagur 31. ágúst

08:30 Nefndastörf

10:00 Fræðsluerindi

10:00-10:30	Birkikynbætur - leiðin að Heklu	<i>Þorsteinn Tómasson</i>
10:30-10:45	Avenza app GP	<i>Björn Traustason</i>
10:45-11:15	Skógrækt í 50 ár	<i>Kristinn H. Þorsteinsson</i>
11:15-11:30	Ferð dagsins	<i>Friðrik Baldursson</i>
11:30-12:00	Arboristar - nýir möguleikar í trjáhirðu	<i>Orri Freyr Finnbogason</i>

Björn og Bjarki Þór Kjartansson verða á staðnum til að leiðbeina frekar með Avenza appið

12:00 Fyrirspurnir og umræður

12:30 Hádegisverður

13:30 Skoðunarferð - Trjásafnið í Meltungu

17:30 Komið úr skoðunarferð

19:30 Fordrykkur í Menntaskólanum í Kópavogi, Digranesvegi

20:00 Hátíðarkvöldverður í Menntaskólanum í Kópavogi, Digranesvegi

Ávarp - Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
Hátíðardagskrá í boði Skógræktarfélags Kópavogs
Heiðranir, tónlistaratriði og fleira

Sunnudagur 1. september

10:00 Yfirferð kjörbréfanefndar
10:05 Afgreiðsla reikninga
10:15 Afgreiðsla tillagna
11:00 Almennar umræður
11:30 Kosning stjórnar
12:00 Fundarlok

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	1
UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	2
ÚTGÁFUMÁL	3
SKÓGRÆKTARRITID	3
LAUFBLAÐID	3
FRÆKORNIÐ	3
TÆKIFÆRISKORT	3
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA	3
HEIMASÍÐA OG VEFMIÐLAR	3
FRÆÐSLUSTARF	3
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR	4
AÐALFUNDUR 2018	4
FULLTRÚAFUNDUR	6
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR	6
SKÓGRÆKTARSVÆÐI	6
BRYNJUDALUR	6
ÚLFLJÓTSVATN	6
UMSJÓN	7
KOLVIÐUR	7
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR	7
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR	7
LÍF Í LUNDI	7
OPINN SKÓGUR	8
SJÁLFBODALIÐAR – EUROPEAN VOLUNTEER SERVICE	8
SKÓGRÆKTARSJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU	8
SKÓGRÆKTARSTARF LANDSVIRKJUNAR VIÐ BÚRFELL	8
TRÉ ÁRSINS	8
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS	8
FRÆÐSLUFERÐIR	9
RÁÐSTEFNA - SKOGEN SOM INTÄKSKÄLLA	9
GRÓÐURSETNINGAR MEÐ ERLENDUM GESTUM	10
ÝMIS VERKEFNI	10
GLOBAL RELEAF	10
LOFTSLAGSRÁÐ	10
RÓTARSKOT	11
UMSAGNIR	11
ÝMIST SAMSTARF	11
ÞAKKIR	11
SAMSTARFSADILAR	11
STUÐNINGSADILAR	12

Ljósmyndir í skýrslu:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Hrefna Einarsdóttir

Reykjavík, ágúst 2019

INNGANGUR

Skógræktarfélag Íslands kemur að ýmsum verkefnum tengdum skógrækt og ræktun. Þar vega þýngst reglubundin verkefni félagsins, eins og umsjón með Landgræðsluskógaverkefninu og útgáfa félagsins, en reglulega berast einnig á borð félagsins ný verkefni – sum bara einu sinni en önnur til nokkurra ára. Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem félagið hefur fengið við frá aðalfundi á Hellu árið 2018.

STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum 2018 var Þuríður Yngvadóttir endurkosin í stjórn. Guðbrandur Brynjúlfsson gaf ekki kost á sér áfram og var Jens B. Baldursson kosinn í hans stað. Varamenn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Valgerður Auðunsdóttir og Margrét Grétarsdóttir. Í stjórn Landgræðslusjóðs var kosin Lýdía Rafnsdóttir og sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Jónatan Garðarsson formaður, Þuríður Yngvadóttir varaformaður, Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Jens B. Baldursson, Páll Ingbór Kristinsson og Sigrún Stefánsdóttir meðstjórnendur. Stjórnin hélt ellefu fundi á tímabilinu.

Hjá félaginu störfuðu fimm fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur. Einar Gunnarsson lét af störfum hjá félaginu eftir rúmlega 20 ára starf og eru honum færðar þakkir fyrir störf þann tíma.

Nokkrir aðilar unnu að sérverkefnum fyrir félagið. Sigurður Skúlason vann að samningamálum Landgræðsluskóga, Narfi Hjartarson vann með sjálfbóðaliðum yfir sumarið 2019, Sigríður Elefsen vann að skógræktarnámskeiði, Dominika Olga Skwarska vann að kynningarmálum á pólsku og Nikulás Magnússon að umhirðu Opinna skóga.

Stjórn og starfsmenn félagsins leitast eftir megni að styðja við starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum, eftir því sem óskað er.



Stjórn Skógræktarfélags Íslands. F.v. Páll Ingbór Kristinsson, Þuríður Yngvadóttir, Jens B. Baldursson, Valgerður Auðunsdóttir, Laufey B. Hannesdóttir, Jónatan Garðarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Kristinn H. Þorsteinsson, Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins, og Aðalsteinn Sigurgeirsson. Á myndina vantar Margréti Grétarsdóttur.

UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2018	2017
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	44.853.320	49.076.458
Rekstrargjöld	42.419.175	42.504.887
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	2.434.145	6.571.571
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.848.584)	(1.946.589)
Hagnaður (tap) ársins	585.561	4.624.982
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Fastafjármunir	190.905.298	188.850.198
Veltufjármunir	36.159.728	30.197.649
Eignir samtals		
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	171.111.857	170.526.295
Skuldir samtals	55.953.170	48.621.552
Eigið fé og skuldir samtals	227.065.026	219.147.847
Eignir í bundnum sjóðum	35.120.446	37.081.864



Tré ársins 2018 var útnefnt í september, að loknum aðalfundi á Hellu. Um er að ræða vesturbæjarvíði að Ytri-Skógum.

ÚTGÁFUMÁL

Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2018 kom út í nóvember 2018 og 1. tbl. 2019 kom út í maí á þessu ári. Áskrifendur eru nú tæplega 2.000.

Laufblaðið

Á tímabilinu komu út þrjú tölublöð Laufblaðsins – í nóvember 2018, á alþjóðlegum degi skóga í mars 2019 og í lok júlí 2019. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang og eru þeir félagsmenn jafnframt með í pottinum í netfangaleik Laufblaðsins. Voru þeir vinningshafar dregnir út þann 15. maí.

Frækornið

Ekkert Frækorn kom út á starfsárinu. Fyrirhugað var að gefa út Frækorn, en ákveðið var að bíða með útgáfu þess, þar sem von var á niðurstöðum úr rannsókn sem gætu haft áhrif á efni þess.

Tækifæriskort

Félagið gaf út kort með mynd eftir Þuru – Þuríði Sigurðardóttur og prýddi sú mynd einnig forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2018.

Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til skógræktarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu tíu fyrirtæki félagsmönnum 10-15% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Blómaval, Garðheimar, Garðyrkjustöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG Verslun, Náttthagi garðplöntustöð og Sólskógar. Eru þeim fyrirtækjum færðar þakkir fyrir stuðninginn.

Heimasíða og vefmiðlar


Félagið hélt úti heimasíðunni www.skog.is á tímabilinu og má þar finna grunnupplýsingar um félagið og aðildarfélög þess, auk þess sem birtar eru fréttir frá skógræktarfélagunum og úr skógargeiranum. Unnið var að endurnýjun heimasíðunnar og fór ný síða í loftið í apríl 2019. Er nýja síðan mun þægilegri aflestrar í snjalltækjum en meðal nýjunga má nefna að komnar eru upplýsingar um félagið á pólsku á síðuna. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er tæplega 3.700.

Félagið er með síðu á Facebook, auk þess sem félagið heldur úti Facebook síðu fyrir Skógræktarritið og Líf í lund. Félagið hefur einnig YouTube rás og er á Instagram. Einnig heldur félagið utan um Skógargátt vefsíðuna (www.skogargatt.is), þar sem finna má upplýsingar um góða útivistarskóga um land allt.

FRÆÐSLUSTARF

Félagið sinnti sem fyrr fræðslu- og leiðbeiningastarfi fyrir almenning. Sátu fulltrúar félagsins fyrir svörum við ýmis tilefni og voru í samskiptum við mörg skógræktarfélög, með formlegum heimsóknum, mætingu á viðburði hjá félögunum, og með símtölum og tölvupóstum.

Félagið fékk verkefnastyrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að halda námskeið um skóga og skógrækt fyrir félaga skógræktarféлага. Var Sigríður Elefsen skógfræðingur fengin til að vinna að því. Tvö námskeið voru haldin í maí, í samstarfi við Skógræktarfélag Grindavíkur og Skógræktarfélagið Skógfell í Vogum. Fyrirhugað er að halda fleiri námskeið í vetur.



FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

Aðalfundur 2018

Skógræktarfélag Íslands hélt 83. aðalfund sinn á Hellu dagana 31. ágúst til 2. september 2018 og var Skógræktarfélag Rangæinga gestgjafi fundarins. Á annað hundrað fulltrúar, víðs vegar af landinu, sóttu fundinn. Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Aðrir á mælendaskrá voru Jón Ragnar Örlygsson, formaður Skógræktarfélags Rangæinga, Sigríður Heiðmundsdóttir, Skógræktarfélagi Rangæinga, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra. Einnig hélt Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, stutta kynningu á sveitarfélaginu og Hrönn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Hekluskóga, sagði frá því verkefni.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn þrjár tillögur að ályktunum. Einnig var lögð fram tillaga að nýrri stefnumótun félagsins og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Farið var í tvær vettvangsferðir. Á föstudeginum var haldið að Hellum í Landsveit, skoðuð ræktunarsvæði Hekluskóga og endað í Bolholtsskógi. Á laugardaginn var haldið að Gunnarsholti, að Heylæk í Fljótshlíð og ekið um vaxandi skóga á Markarfljótsaurum.

Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2018

Ályktunum aðalfundarins á Hellu hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

Ályktun 1:

Skógargötur 2018-2028

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Hellu 31. ágúst til 2. september 2018, skorar á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að samþykkja á þessu fjárlagaári fjárveitingu til tíu ára í þágu verkefnisins Skógargötur 2018-2028.



Fundargestir aðalfundar 2018 skoða tilraunareit með ösp í Gunnarsholti.



Bandaríska sendiráðið kom fjórða árið í röð að gróðursetja að Úlfjótuvatni. Jóns Ásgeir Jónsson (t.h.), starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, kennir til verka áður en hafist er handa.

Ályktunin var send á samgönguráðherra en einnig áttu formaður og framkvæmdastjóri fund með aðstoðarmönnum hans þar sem tillögunni var fylgt eftir.

Ályktun 2:

Skógminjasafn Íslands

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Hellu 31. ágúst til 2. september 2018, samþykkir að undirbúa stofnun Skógminjasafns Íslands. Jafnframt samþykkir fundurinn að beina því til stjórnar félagsins að kanna möguleika á að undirbúa í samráði við stjórnvöld Miðstöð skógræktar á Íslandi.

Ályktunin var send á menntamálaráðherra.

Ályktun 3:

Græni stígurinn

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Hellu 31. ágúst til 2. september 2018, hvetur stjórn Skógræktarfélags Íslands til að þrýsta á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að hefja framkvæmdir við Græna stíginn í áföngum sem fyrst. Mikilvægt er að koma fyrstu áföngum á fjárhagsáætlun næsta árs 2019, en áætlanagerðir eru í vinnslu á haustin. Jafnframt að stjórn Skógræktarfélags Íslands verði í góðu sambandi við stjórn Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að fylgja málinu eftir, enda um mikilvæga samgöngubót gangandi sem hjólandi milli bæjarfélaganna líkt og bláþráðurinn með ströndinni gerir.

Í framhaldi af ályktuninni var sent bréf á öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ásamt Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Málinu hefur verið haldið vakandi en einnig hefur verið rætt við samgönguráðherra um aðkomu ríkisvaldsins að fjármögnun verkefnisins.

Fulltrúafundur

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn 16. mars 2019 í félagsheimili Orkuveitunnar í Elliðaárdal. Meginþemu fundarins voru Landgræðsluskógar og Græni stígurinn og voru margvísleg erindi því tengd haldin, en auk þess var gert sérstaklega ráð fyrir umræðum þar sem skógræktarfélögin gátu rætt það sem á þeim brennur.

Fagráðstefna skógræktar

Skógræktarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógræktar sem haldin var Hallormsstað dagana 3. – 4. apríl 2019 undir yfirskriftinni „Öndum léttar – landnotkun og loftslagsmál“, en loftslagsmál voru meginviðfangsefni ráðstefnunnar að þessu sinni.

SKÓGRÆKTARSVÆÐI

Brynjudalur

Jólavertið var með hefðbundnu sniði. Seld voru 709 jólatré, þar af tæp 200 til starfsmanna fyrirtækja sem koma í jólaskógin um helgar á jólaföstu til að velja tré með fjölskyldu sinni og eiga notalega stund í jólaskóginum. Auk þess voru seld 636 tré sem höggvin voru hjá skógarbændum. Alls voru því seld 1.345 jólatré.


Úlfjótsvatn

Aðalfundur Úlfjótsvatns sf. var haldinn í október 2018 í fundarsal Garðyrkjufélag Íslands. Í stjórn voru kosnir Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Ögmundur Jónasson frá Skátasambandi Reykjavíkur og Finnbogi Finnbogason frá Bandalagi íslenskra skáta. Magnús er formaður, Ögmundur varaformaður, Brynjólfur gjaldkeri og Finnbogi ritari. Brynjólfur hefur prókúru fyrir félagið. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfjótsvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignaréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Á starfsárinu var unnið að samningi milli Skógræktarfélags Íslands og skátahreyfingarinnar, sem undirritaður var svo í mars 2019. Tekjur Úlfjótsvatns sf. eru af veiðirétti Úlfjótsvatns við fyrirtækið Veiðikortið ehf. en auk þess hefur nú verið gengið frá leigusamkomulagi við fyrirtækið Mílu vegna afnota af leigulandi undir fjarskiptamastur á Úlfjótsvatnsfjalli.

Fyrirhuguð er gróðursetning með fulltrúum frá sendiráði Bandaríkjanna á Úlfjótsvatni í september 2019. Verður það fjórða árið í röð sem sendiráðsfólk kemur til að gróðursetja.



Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ávarpar gesti á fulltrúafundi skógræktarfélaganna í mars 2019.



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, leiðbeinir bandarískum ferðamönnum við gróðursetningu í Brynjudal í Hvalfirði á hvítasunnudag 2019.

UMSJÓN

Kolviður

Aukinn áhugi er fyrir kolefnisjöfnun hjá Kolviði meðal fyrirtækja og almennings. Gróðursettar voru 72.336 plöntur á Úlfljótuvatni sumarið 2018 og haldið áfram með gróðursetningu þar sumarið 2019. Í fyrsta Kolviðarskóginn í landi Stóra-Hofs voru gróðursettar 1.200 plöntur. Kolviður leitar eftir samningum um ný lönd og þjónustusamningum við skógræktarfélög sem eru tilbúin að taka að sér verkefni samkvæmt verksamningi.

Skógræktarfélag Íslands og Kolviður gerðu samning um aukna gróðursetningu á Úlfljótuvatni og í Skálholti. Einnig var gerður samningur um utanumhald er varðar ýmsa skrifstofu- og sérfræðivinnu.

Landgræðslusjóður

Guðbrandur Brynjólfsson, sem verið hefur formaður Landgræðslusjóðs frá 2004, hætti sem formaður á starfsárinu. Þuríður Yngvadóttir tók við sem formaður sjóðsins. Aðrir fulltrúar Skógræktarfélags Íslands í stjórn sjóðsins voru Jónatan Garðarsson og samkvæmt beinni kosningu á aðalfundi 2018, Lydía Rafnsdóttir. Þá sitja einnig í stjórn sjóðsins Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands hefur einnig rétt til setu á stjórnarfundum Landgræðslusjóðs með málfrelsi og tillögurétti. Ekki var úthlutað úr sjóðnum í ár.

Landgræðsluskógar

Undirritaður var nýr samningur um Landgræðsluskóga við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í febrúar 2019. Útboð á plöntum til afhendinga var því seint á ferð og fór svo að engin tilboð bárust. Leitað hefur verið eftir samningum við framleiðendur en þegar þetta er skrifað er ekki búið að tryggja plöntur fyrir árið 2020.

Líf í lundi

Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi var haldinn í annað sinn laugardaginn 22. júní og var boðið upp á sextán viðburði um land allt. Heppnuðust þeir vel og var þátttaka góð, enda viðraði vel til útiveru. Að deginum standa Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélög þess, Skógræktin og Landssamtök skógareigenda, í samvinnu við önnur félög og stofnanir. Arion banki styrkti verkefnið, auk þess sem styrkur fékkst úr Lýðheilsusjóði.

Opinn skógur

Unnið hefur verið að undirbúningi opnunar í Álfholtsskógi í Hvalfjarðarsveit og er fyrirhugað að opna hann sem sautjándi Opna skóginn. Einnig hefur verið unnið að almennu viðhaldi og umhirðu í þeim skógum sem þegar hafa verið opnaðir. Leit stendur yfir að styrktaraðila fyrir verkefnið.

Sjálfbóðaliðar – European Volunteer Service

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár fengið sjálfbóðaliða sem komið hafa á vegum European Volunteer Service, sem er hluti af Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins. Félagið tók í maí í fimmta sinn á móti fimm erlendum sjálfbóðaliðum, sem unnið hafa í skógum félagsins og aðildarfélaga þess. Komu sjálfbóðaliðarnir í ár frá Ítalíu, Póllandi, Spáni og Austurríki.

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélags Íslands en sjóðurinn veitir skógræktarfélögum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna. Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag Vestur-Húnavetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði.

Skógræktarstarf Landsvirkjunar við Búrfell


Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Unnið er að gróðursetningu á nýju svæði við Bjarnalón.

Tré ársins

Tré ársins 2018 var formlega útnefnt sunnudaginn 2. september að loknum aðalfundi félagsins. Um var að ræða vesturbæjarvíði að Eystri-Skógum og er það í fyrsta sinn sem vesturbæjarvíðir hlýtur útnefningu sem Tré ársins. IKEA á Íslandi er styrktaraðili verkefnisins.

Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs voru með venjubundnum hætti, en rúmlega 100 skólar sóttu um plöntur til sjóðsins árið 2019 og fengu allir úthlutun. Ein fyrsta aðgerðin undir hatti aðgerðaáætlunar ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum var framleiðsla á einni milljón birkiplantna til gróðursetninga árið 2019 og var Yrkjusjóði úthlutað 15.000 birkiplöntum úr þeim potti.



Brynhildur Bjarnadóttir, Háskólanum á Akureyri, fjallar um kolefnisbindingu með skógrækt á ársfundi Kolviðar í janúar 2019.



Sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Íslands nýkomin til landsins í maí 2019. F.v. Patricia frá Austurríki, Sandra frá Póllandi, Andrea og Claudio frá Ítalíu og Dario frá Spáni.

Þann 31. maí 2019 var undirrituð samstarfsyfirlýsing Yrkjúsjóðs, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar um aukna gróðursetningu grunnskólabarna og fræðslu fyrir þau um samspil kolefnisbindingar, landnotkunar og loftslagsmála. Er samstarfið liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Unnið er að endurnýjun á heimasíðu sjóðsins (www.yrkja.is) og gerð frekara fræðsluefnis á vefinn. Standa vonir til að ný síða fari í loftið í lok árs.

ERLEND SAMSKIPTI

Töluvert hefur verið um fyrirspurnir erlendis frá um starfsemi félagsins og skógrækt á Íslandi almennt og hafa starfsmenn félagsins svarað þeim eftir bestu getu. Einnig hefur verið merkjanleg aukning í áhuga gesta sem hingað til lands koma á að taka þátt í gróðursetningu.

Fræðsluferðir

Rúmlega 50 manns fóru í fræðsluferð til norðurhluta Spánar, til Pýrenea-fjallanna, dagana 17. – 24. október 2018. Ferðin var skipulögð í samstarfi við Bændaferðir, en fararstjóri fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands var Brynjólfur Jónsson.

Farin verður fræðsluferð til Norður-Ítalíu (Suður-Tíról) dagana 25. september til 2. október 2019, í samstarfi við Every Road Travel ferðaskrifstofuna.

Ráðstefna - Skogen som Intäskälla

Starfskonur félagsins sóttu ráðstefnu í Jönköping í Svíþjóð 28. – 30. júní, sem samtök kvenna í skógargeiranum á Norðurlöndum (Kvinner i skogbruket í Noregi og Spillkråkan í Svíþjóð) stóðu fyrir, í samstarfi við Skógar- konur – nýstofnað félag kvenna í skógrækt á Íslandi. Vilji er til áframhaldandi samstarfs félaganna og er stefnt að sameiginlegri ráðstefnu í Noregi eftir tvö ár.



Ferðalangar í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Spánar 2018 fá fræðslu um skóginn í Ordesa y Monte Perdido þjóðgarðinum.

Gróðursetningar með erlendum gestum

Félagið tók á móti hópum ferðamanna til gróðursetningar í Brynjudal í Hvalfirði á hvítasunnudag, þann 9. júní, á vegum Atlantik ferðaskrifstofunnar. Alls komu rúmlega 110 manns til að gróðursetja.

Félagið býður nú upp á að ferðamenn geti bókað gróðursetningu hjá félaginu í gegnum Airbnb og er það hluti upplifana (Experiences) sem í boði eru þar. Opnað var fyrir bókanir nú í sumar og er um ákveðið tilraunaverkefni að ræða.

ÝMIS VERKEFNI

Verkefni Skógræktarfélags Íslands eru margþætt. Félagið á í fjölbreyttu samstarfi við hina ýmsu aðila, sérstaklega skógræktarfélögin, en auk þess leitar almenningur til félagsins eftir upplýsingum um flest er lýtur að gróðri og ræktun.

Global ReLeaf

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Eskifjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk árið 2017 styrk úr Global ReLeaf verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation, til þriggja ára fyrir gróðursetningu um 15.000 trjáplantna á ári. Árið 2019 er síðasta árið sem unnið er að þessu verkefni og verða gróðursettar plöntur samkvæmt úthlutun styrksins á Úlfjótssvatni og Eskifirði.

Loftslagsráð

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald með markvissri ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum á Íslandi og tók það til starfa á síðasta ári. Ragnhildur Freysteinsdóttir hefur verið annar tveggja fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í ráðinu.



F.v. Ragnhildur Freysteinsdóttir, umsjónarmaður Yrkjusjóðs hjá Skógræktarfélagi Íslands, Árni Bragason landgræðslustjóri, Andri Snær Magnason, formaður Yrkjusjóðs og Edda Oddsdóttir, Skógræktinni, við undirritun samstarfsyfirlýsingar Yrkjusjóðs, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar.

Rótarskot

Fyrir síðustu áramót buðu björgunarsveitirnar upp á sölu Rótarskots – gróðursetningu eins trés – í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands. Var það hugsað fyrir þá sem ekki vildu kaupa flugelda, en sú hugmynd kom upprunalega frá Rakel Kristinsdóttur. Sala Rótarskotanna gekk vel og hafa 15.000 plöntur verið gróðursettar í svokallaðan Áramótaskóg Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Hafnarsandi.

Umsagnir

Félagið sendi umsögn um „Frumvarp til laga um skóga og skógrækt. Þingskjal 246-231. Mál., löggjafarþing 2018-2019.“ Fulltrúar félagsins voru kallaðir á fund Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í framhaldi af umsögninni. Þrátt fyrir kynningu félagsins var ekkert tillit tekið til sjónarmiða félagsins við lokafrágang frumvarpsins og var það samþykkt á vordögum.

Ýmist samstarf

Í maí 2019 bauð ION Hótel á Nesjavöllum upp á sértílbod á gistipakka í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, en fyrir hvert selt tilboð mun félagið gróðursetja tré á Úlfjótssvatni.

Eldofninn Pizzeria hélt upp á 10 ára afmæli sitt í júní og var ákveðið að gróðursetja eitt tré fyrir hverja selda pítsu, í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands. Trjánur verður plantað á Úlfjótssvatni.

ÞAKKIR

Samstarfsaðilar

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og samtök, bæði hérlandis og erlendis, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega til telja Skógræktina, Landgræðslu ríkisins, Landssamtök skógareigenda, skátahreyfinguna, Landsbjörg og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Stuðningsaðilar

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna Arion banka, Eimskip, Odda og Toyota á Íslandi.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

Reykjavík, ágúst 2019
f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,



Jónatan Garðarsson formaður

Skógræktarfélag Íslands

kt. 600269-3809

Ársreikningur 2018



Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eigið fé og skuldir	7
Sjóðstreymi	8
Bundnir sjóðir	9
Skýringar 1-5	10
Skýringar 6	11
Skýringar 7-9	12
Skýringar 9-11	13
Skýringar 12-14	14
Skýringar 14-16	15
Skýringar 17-19	16

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Umfang aðstoðar

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreikninginn er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Við faglega aðstoð okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 11. mars 2019

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstraráangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.


Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. mars 2019

Framkvæmdastjóri:



Stjórn:



Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið bækur félagsins og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 11. mars 2019

Skoðunarmenn:

Halldór Halldórsson
Arni Þórólfsson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur	4,11	31.264.948	28.966.693
70% framlag frá bundnum sjóðum	5	296.238	1.853.296
Sérgreind verkefni	6	3.409.134	8.783.069
Styrkur frá Ríkissjóði		8.100.000	8.100.000
Árgjöld		1.783.000	1.373.400
		<u>44.853.320</u>	<u>49.076.458</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	29.262.220	27.281.502
Annar rekstrarkostnaður	8	11.360.913	13.430.496
Afskriftir	2,9	1.796.042	1.792.889
		<u>42.419.175</u>	<u>42.504.887</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnskostnaðar		2.434.145	6.571.571
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		61.626	133.160
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(1.902.782)	(2.060.573)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(7.428)	(19.176)
		<u>(1.848.584)</u>	<u>(1.946.589)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	10	<u>585.561</u>	<u>4.624.982</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	2018	2017
Fastafjármunir	9		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir		187.564.001	186.013.253
Bifreið		1.771.974	1.026.451
Áhöld og tæki		1.469.323	1.810.494
		<u>190.805.298</u>	<u>188.850.198</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í öðrum félögum		100.000	100.000
		<u>100.000</u>	<u>100.000</u>
Fastafjármunir		<u>190.905.298</u>	<u>188.950.198</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur		29.629.185	22.029.199
Aðrar skammtímakröfur		2.918.774	0
Útistandandi hjá bundnum sjóðum	5	3.399.238	5.210.148
Handbært fé	3	212.531	2.958.302
Veltufjármunir		<u>36.159.728</u>	<u>30.197.649</u>
Eignir samtals		<u><u>227.065.026</u></u>	<u><u>219.147.847</u></u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2018

	Skýr	2018	2017
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	171.111.857	170.526.295
Eigið fé		<u>171.111.857</u>	<u>170.526.295</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	17	33.531.797	34.792.188
		<u>33.531.797</u>	<u>34.792.188</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		2.787.206	307.605
Viðskiptaskuldir		4.002.770	3.970.373
Fyrirfram innheimtar tekjur	6	5.809.950	0
Ógreiddir áfallnir vextir langtímalána		1.671.933	1.739.609
Aðrar skammtímaskuldir		8.149.514	7.811.777
		<u>22.421.373</u>	<u>13.829.364</u>
Skuldir samtals		<u>55.953.170</u>	<u>48.621.552</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>227.065.026</u>	<u>219.147.847</u>

Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		585.561	4.624.982
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskrifaðar og niðurlagðar eignir	2,9	1.796.042	1.792.889
Hreint veltufé frá rekstri		<u>2.381.603</u>	<u>6.417.871</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(8.707.850)	(6.826.642)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>6.112.408</u>	<u>1.050.915</u>
		<u>(2.595.442)</u>	<u>(5.775.727)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(213.839)</u>	<u>642.144</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	<u>(3.751.142)</u>	<u>0</u>
		<u>(3.751.142)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána		(1.260.391)	
Skammtímaskuldir, breyting		<u>2.479.601</u>	<u>307.605</u>
		<u>1.219.210</u>	<u>307.605</u>
Breyting á handbæru fé		(2.745.771)	949.749
Handbært fé í byrjun tímabils	3	2.958.302	2.008.552
Handbært fé í árslok		<u>212.531</u>	<u>2.958.302</u>

Rekstrarreikningur ársins 2018

Bundnir sjóðir

	Skýr.	2018	2017
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Hækkun verðbréfasafns		451.695	2.875.060
Fjármagnstekjuskattur af sjóðsbókum		(1.880)	(1.359)
Vaxtatekjur og verðbætur af sjóðsbókum		11.514	6.824
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(315.599)	(244.590)
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	5	(296.238)	(1.853.296)
		<u>(150.508)</u>	<u>782.639</u>
Afkoma ársins		<u>(150.508)</u>	<u>782.639</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	2018	2017
Fastafjármunir			
Sjóður Ólafi G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson	12	13.674.798	14.438.513
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	13	6.690.068	7.063.697
Sjóður Ármanns Jónssonar	14	5.210.787	5.501.801
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	15	7.843.926	8.281.996
Fræðslusjóður	16	1.700.867	1.795.858
		<u>35.120.446</u>	<u>37.081.864</u>
Eignir samtals		<u>35.120.446</u>	<u>37.081.864</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2017

	Skýr	2018	2017
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé 1.1.		31.871.716	31.089.077
Afkoma ársins		<u>(150.508)</u>	<u>782.639</u>
Eigið fé 31.12.		<u>31.721.208</u>	<u>31.871.716</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt framlag til Skógræktafélags Íslands	5	<u>3.399.238</u>	<u>5.210.148</u>
		<u>3.399.238</u>	<u>5.210.148</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>35.120.446</u>	<u>37.081.864</u>

Skýringar

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

4. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:	2018	2017
Gjafir og styrkir	3.177.090	4.140.376
Framlag frá Yrkjúsjóð vegna umsjónar	1.200.000	1.200.000
Framlag vegna Landgræðsluskóga	3.500.000	3.500.000
Umsjón Þórunnartún 6, húsfélag	120.000	120.000
Alcoa verkefni	0	994.257
Framlag vegna Kolefnissjóðs	1.750.000	650.000
Framlag vegna sjóðaumsjónar S-Hún.	300.000	400.000
Húsaleigutekjur	1.293.016	839.175
Framlög til skógræktar	0	2.834.674
Embla II	0	(72.054)
Hópfærðir	1.530.000	550.000
Ofanflóðasjóðður	11.700.000	9.712.345
	24.570.106	24.868.773

5. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar	121.216	758.341
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	59.302	371.000
Sjóður Ármanns G. Jónssonar	46.189	288.966
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	69.530	434.988
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	296.238	1.853.296
Ógreitt framlag 1.1.	5.210.148	3.356.852
Greiðsla frá bundnum sjóðum	(2.107.148)	0
Ógreitt framlag frá bundnum sjóðum 31.12.	3.399.238	5.210.148
Fræðslusjóður	15.077	94.322
70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi	296.238	1.853.296
70% raunávöxtun til styrktar náms- og rannsóknarstarfi	15.077	94.322
30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum	133.421	834.694
Breyting verðbóta á árinu hækkun	16.589	52.864
Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu	461.324	2.835.176

Skýringar frh:

6. Sérgreind verkefni

Sundurliðun vegna verkefna greinist þannig.:	2018	2017
Útgáfustarfsemi:		
Ársrit, bækur og smárit	10.943.705	10.925.121
Styrktarlínur	4.075.500	2.224.500
Auglýsingar	3.283.831	3.156.000
Launakostnaður	(4.000.000)	(4.000.000)
Noregsfarar	(2.569.235)	(1.323.922)
Annar kostnaður við útgáfu	(6.710.318)	(5.517.731)
	<u>5.023.483</u>	<u>5.463.968</u>
Tré ársins:		
Styrkir	612.187	600.000
Annar kostnaður	(226.398)	(132.787)
	<u>385.789</u>	<u>467.213</u>
Úlfjótswatn:		
Tekjur og styrkir	2.451.697	10.505.114
Launakostnaður	(2.500.000)	(2.500.000)
Húsnæðiskostnaður	(1.863.902)	(4.059.369)
Annar rekstrarkostnaður	(2.295.042)	(2.113.804)
	<u>(4.207.247)</u>	<u>1.831.941</u>
Opinn skógur:		
Styrkir	4.990.634	5.560.295
Launakostnaður	(1.794.972)	(1.755.081)
Keyptar vörur og þjónusta	(529.934)	(748.921)
Annar rekstrarkostnaður	(100.000)	(2.058.917)
	<u>2.565.728</u>	<u>997.376</u>
Brynjudalur:		
Sala	4.440.811	4.529.677
Aðrar tekjur	357.677	152.810
Styrkir	3.420.100	1.910.000
Launakostnaður	(2.685.000)	(3.014.000)
Annar rekstrarkostnaður	(1.816.603)	(2.532.326)
	<u>3.716.985</u>	<u>1.046.161</u>
Vinaskógur:		
Styrkir	0	0
Launakostnaður	(100.000)	(100.000)
Annar rekstrarkostnaður	(724.212)	(151.246)
	<u>(824.212)</u>	<u>(251.246)</u>
Sjálfbóðaliðar:		
Styrkir og aðrar tekjur	2.668.774	5.640.293
Launakostnaður	(3.500.000)	(3.500.000)
Fæði og gisting	(1.536.987)	(1.421.814)
Bifreiðakostnaður	(738.895)	(1.024.991)
Annar rekstrarkostnaður	(144.284)	(465.832)
	<u>(3.251.392)</u>	<u>(772.344)</u>
Rótarskot		
Rótarskot, styrkveiting ársins	5.809.950	0
Fyrirfram innheimtar tekjur vegna Rótarskots 31.12.	(5.809.950)	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
Sérgreind verkefni samtals	<u>3.409.134</u>	<u>8.783.069</u>

Skýringar frh:

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2018	2017
Laun	37.081.782	35.796.594
Ökutækjastyrkur	1.537.580	1.578.280
Lífeyrissjóðsframlag	4.926.445	4.668.589
Tryggingagjald	2.982.887	2.879.976
Áunnið orlof starfsmanna, breyting	53.440	312.264
Önnur launatengd gjöld	930.086	895.799
Laun færð á sérgreind verkefni	(18.250.000)	(18.850.000)
	<u>29.262.220</u>	<u>27.281.502</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsnæðiskostnaður	1.488.872	2.011.622
Skrifstofukostnaður	242.652	80.309
Sími og burðargjöld	731.392	801.407
Bankakostnaður- og þjónustugjöld	123.966	59.683
Gjafir, styrkir og risna	259.341	5.247
Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður	153.289	151.811
Fundakostnaður	1.733.362	2.351.297
Ferðakostnaður	122.511	4.600
Gjaldfærð áhöld, tæki og viðhald	113.451	592.992
Rekstur bifreiða	2.172.786	2.438.359
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	556.070	595.500
Rekstur tölvukerfis	861.141	953.446
Auglýsingar	107.715	152.303
Niðurfærsla viðskiptakrafna	226.167	845.030
Félags og aðildargjöld	9.500	69.312
Opið hús	156.741	210.796
Annar kostnaður	551.957	356.782
Kolviður launaliður	1.750.000	1.750.000
	<u>11.360.913</u>	<u>13.430.496</u>

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið	Áhöld og tæki	Samtals
Flutt frá fyrra ári	194.804.734	1.466.358	13.330.182	209.601.274
Viðbót á árinu	2.721.300	1.029.842	0	3.751.142
	<u>197.526.034</u>	<u>2.496.200</u>	<u>13.330.182</u>	<u>213.352.416</u>
Afskrifað frá fyrra ári	8.791.481	439.907	11.519.688	20.751.076
Afskrift ársins	1.170.552	284.319	341.171	1.796.042
	<u>9.962.033</u>	<u>724.226</u>	<u>11.860.859</u>	<u>22.547.118</u>
Bókfært verð 31.12.	<u>187.564.001</u>	<u>1.771.974</u>	<u>1.469.323</u>	<u>190.805.298</u>
Afskriftarhlutföll	2%	15%	10-20%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár	7 ár	5-10 ár	

Skýringar frh:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh:

Fasteignir sundurliðun:	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Þórunnartún 6, Reykjavík	9.817.331	48.300.000	54.050.000
Saurar, jörð og ræktað land	201.760	907.000	0
Saurar, vélageymsla og votheysturn	205.920	223.000	3.320.000
Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi	2.757.000	5.710.000	0
Saurar, einbýli	920.920	6.130.000	23.450.000
Brynjudalur	7.096.356	0	0
Sandey - Þingvallasveit	14.578	0	0
Kvíar í Jökulfjörðum	57.474	0	0
Úlfjótuvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi	163.852.998	0	0
	184.924.337	61.270.000	80.820.000

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðará og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tekjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárastöðum í Þingvallarhreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga

Óráðstafað eigið fé	2018	2017
Eigið fé 1.1.	170.526.295	165.901.313
Afkoma ársins	585.561	4.624.982
Eigið fé 31.12.	171.111.857	170.526.295

11. Landgræðsluskógar

	2018	2017
Styrkur frá ríkissjóði	35.000.000	35.000.000
Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga	(3.500.000)	(3.500.000)
Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands	(2.500.000)	(2.500.000)
Plöntukaup	(21.453.973)	(24.077.235)
Annar kostnaður	(851.185)	(824.845)
Úttekt og grisjun	(6.694.842)	(4.097.920)
Ónýttur styrkur 31.12.	0	0

Skýringar frh:

Bundnir sjóðir

12. Sjóður Ólafiu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:	2018	2017
Staða 1.1.	14.438.513	13.412.163
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(763.715)	1.026.350
Staða 31.12.	<u>13.674.798</u>	<u>14.438.513</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2018 hefur verið reiknuð og er hún kr. 173.166.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2018 er því kr. 121.216.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2018.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfjótuvatn í Grímsnes-og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 101.4 millj. kr. í árslok 2017.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>13.674.798</u>	<u>14.438.513</u>
---------------------	-------------------	-------------------

13. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:	2018	2017
Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar:		
Staða 1.1.	7.063.697	6.561.580
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(373.629)	502.117
Staða 31.12.	<u>6.690.068</u>	<u>7.063.697</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2018 hefur verið reiknuð og er hún kr. 84.717.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2018 er því kr. 59.302.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2018.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>6.690.068</u>	<u>7.063.697</u>
---------------------	------------------	------------------

14. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:	2018	2017
Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar:		
Staða 1.1.	5.501.801	5.110.710
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(291.014)	391.091
Staða 31.12.	<u>5.210.787</u>	<u>5.501.801</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2018 hefur verið reiknuð og er hún kr. 65.985.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2018 er því kr. 46.189.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2018.

Skýringar frh:

14. Sjóður Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 21.4 millj. kr. í árslok 2017.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	5.210.787	5.501.801
---------------------	-----------	-----------

15. Sjóður Andrésar Gunnarssonar:

Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:

	2018	2017
Staða 1.1.	8.281.996	7.693.277
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(438.070)	588.719
Staða 31.12.	7.843.926	8.281.996

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á l. slandi. Raunávöxtun ársins 2018 hefur verið reiknuð og er hún kr. 99.329.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2018 er því kr. 69.530.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2018.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	7.843.926	8.281.996
---------------------	-----------	-----------

16. Fræðslusjóður:

Yfirlit um Fræðslusjóð:

	2018	2017
Staða 1.1.	1.795.858	1.668.201
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(94.991)	127.657
Staða 31.12.	1.700.867	1.795.858

Fræðslusjóður var stofnaður 25.ágúst 2000 með loforði um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógræðum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsóknna.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	1.700.867	1.795.858
---------------------	-----------	-----------

Skýringar frh:

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfjótssvatni í Grímsnes-og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborgunar var 1. janúar 2013. Á árinu 2015 fékk Skógræktarfélag Íslands framlag frá bundnum sjóðum til niðurgreiðslu á langtímaskuldum félagsins. Framlag nam 35 m.kr. sem var nýtt til innborgunar á höfuðstól samtals að fjárhæð 31.6 m.kr. og til greiðslu áfallinna vaxta samtals að fjárhæð 3.3 m.kr. Afborgun ársins 2018 nam um 1.3 m.kr. bókfærðir áfallnir vextir í árslok 2018 námu um 1.7 m.kr.

Yfirlit um langtímaskuldir:	2018	2017
Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði 1.1.2018	34.792.188	34.792.188
Afborgun ársins	(1.260.391)	0
Langtímaskuldir 31.12.	<u>33.531.797</u>	<u>34.792.188</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborgun	1.260.391	1.260.391
Árið 2020	1.260.391	1.260.391
Árið 2021	1.260.391	1.260.391
Síðar	<u>29.750.624</u>	<u>31.011.015</u>
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>33.531.797</u>	<u>34.792.188</u>

18.

Á árinu 2016 fékk Skógræktarfélag Íslands framlag frá bundnum sjóðum til niðurgreiðslu á skammtímaláni félagsins við Orkuveitu Reykjavíkur. Framlag nam 18.7 m.kr. og nýtt til uppgreiðslu á höfuðstól samtals að fjárhæð 18.7 m.kr.

19. Lykiltölur:

	2018	2017
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	1,61	2,18
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildareignir	0,75	0,78



Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Netfang: skog@skog.is
Veffang: www.skog.is